

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af beiðni um fjárstyrk 71  
til að semja registur yfir afsals- og veðmálabækur Reykjavíkurkaupstaðar. — Með 16. maí  
póknanlegu brjefi, dags. 23. marz þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað er-  
indi bæjarfógetans í Reykjavík, þar sem farið er fram á, að 300kr. verði teknar á frum-  
varp til fjárlaga fyrir árin 1890 og 1891 til að semja nýtt registur yfir afsals- og veð-  
brjefabækur Reykjavíkurkaupstaðar, sem mikil þörf sje á. Þjer hafið skotið þessu máli  
til úrslita minna og látið um leið í ljósi það álit yðar, að það lægi næst, að bæjarsjóður  
Reykjavíkurkaupstaðar greiddi styrk þann, er hjer er um að ræða.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega, til póknanlegrar  
leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum, að jeg verð að vera yður samdóma um,  
að gjöld þau, sem hjer er um að ræða, eru svo löguð, að hlutadeigandi kaupstaðarsjóð-  
ur ætti að inna þau af hendi, og að mjer þess vegna pyki eigi ástæða til að reyna að  
fá greinda upphæð veitta úr landssjóði; heldur eigi virðist eptir kringumstæðum ástæða  
til fyrir landssjóð að rjetta fyrirtækinu hjálparhönd með því að láta í tje nokkuð af upp-  
hæðinni, einkum þar sem hin hjerumrædda fjárupphæð er tiltölulega lítil.

Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu*, um endur- 72  
gjald sveitarstyrks. — Með póknanlegu brjefi, dags. 8. marz þ. á. hafið þjer, herra amt- 31. maí  
maður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi, dags. 27. desbr. f. á.  
með 1 fylgiskjali, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar dags. 27. okt. f. á., er á-  
kveður, að Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppar skuli endurgjalda Vindhælishreppi 3 kr.  
26 a., en að öðru leyti vera lausir við að endurgjalda nefndum hreppi áfallinn og áfall-  
andi kostnað af framfærslu gamalmennisins Guðmundar Magnússonar. Auk þess fylgdi  
nefndu brjefi yðar brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 2. febr. þ. á. viðvíkjandi  
málinu, og eldri skjöl málsins 36 að tölu.

Nefndur Guðmundur Magnússon var viðurkenndur sveitlægur í hinum forna  
Torfastaðahreppi, sem nú er skipt í Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppa, en þáði árin 1875  
—76 og 1876—77 styrk af sveitarsjóði Vindhælishrepps, þar sem hann bjó á grasþyli  
nokkru í Höskuldsstaðaseli, og var sá styrkur við lok fardagaársins 1876—77 orðinn  
samtals 54 kr. 91 e. Af því að hreppsnefnd Vindhælishrepps þóttist þá sjá fram á, að  
Guðmundur mundi ekki einfær um að borga henni aptur skuld þessa, og að hann jafn-  
vel mundi bráðlega verða frekari styrks þurfsandi, skrifaði hún framfærslusveit hans 11. júlí  
1877, og krafðist endurgjalds á hinum veitta styrk, og kvaðst vilja losast við Guðmund,  
sem mundi verða þungur ómagi. Í svari sínu upp á þetta brjef 26. júlí s. á. krefst  
hreppsnefnd Torfastaðahrepps, að Guðmundur verði sem fyrst samsumars fluttur á sveit  
sína Torfastaðahrepp, og neitar hún jafnframt að endurgjalda Vindhælishreppi hinn  
veitta styrk. Hreppsnefnd Vindhælishrepps fór nú fram á það við sýslumann í brjefi  
29. ág. s. á., að Guðmundur yrði fluttur á sveit sína, en sýslumaður áleit það þá ekki  
tiltækilegt eptir öllum málavöxtum að fyrirskipa flutninginn, og fórst hann þannig fyrir  
á því ári. Árið eptir 1878 gjörði hreppsnefnd Vindhælishrepps aptur tilraun til að fá  
Guðmund fluttan, og fjekk vegabrjef handa honum hjá sýslumanni 28.sept., en þegar til kom  
og framkvæma átti flutninginn 12. okt. s. á., var Guðmundur svo veikur, að það að álitu  
hrepstjóra og tveggja votta eigi var gjörlegt að flytja hann neitt út af heimilinu.

8. dag júlímán. 1889.